Skipulagsstofnun

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Bnr. 0.0 | K/S 18.8.17
Ábm. | Svfr.
Afgr. | )Bréf ( )St.
Lvm. | Trm.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Pétur Ingi Haraldsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 11. ágúst 2017

*Tilvísun: 201705034* / 3.3

## Efni: Búrfellsvirkjun, náma E9 við Ísakot

Skipulagsstofnun staðfesti 11. ágúst 2017 breytingu á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 vegna efnistökusvæðis E9 við Ísakot sem samþykkt var í sveitarstjórn 5. apríl 2017.

Hér með er sveitarstjórn sendur undirritaður skipulagsuppdráttur, ásamt afriti af auglýsingu um staðfestinguna sem mun birtast í B-deild Stjórnartíðinda.

Hafdís Hafliðadóttir

Afrit: Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Borgartúni 7b
IS-105 Reykjavík
Sími 595 4100
Kennitala 590269 5149
www.skipulag.is
skipulag@skipulag.is

**AUGLÝSING**
**um breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps vegna námu við Ísakot**

Skipulagsstofnun staðfesti þann 11. ágúst 2017 breytingu á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016, sem samþykkt var í sveitarstjórn 5. apríl 2017.

Í breytingunni felst að heimilt verður að auka efnistöku úr námu E9 við Ísakot, þ.e. úr 30.000 $m^3$ í 45.000 $m^3$. Afmörkun námusvæðisins er óbreytt.

Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun 11. ágúst 2017.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir

Ottó Björgvin Óskarsson

# SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPUR

## AÐALSKIPULAGSBREYTING

### Efnistökusvæði E9



Skipulagsstofnun
Mótt.: 11. ágú. 2017
Málnr. 201705034

STEINSHOLT

27. apríl 2017

# EFNISYFIRLIT

1 INNGANGUR ........ 3
1.1 Breyting aðalskipulags ........ 3
1.2 Kynning og samráð ........ 3
2 BREYTING AÐALSKIPULAGS ........ 3
2.1 Gildandi aðalskipulag ........ 3
2.2 Breytt aðalskipulag ........ 3
3 NIÐURSTAÐA SVEITARSTJÓRNAR ........ 4

# 1 INNGANGUR

Sveitarfélagið vinnur að breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016. Með aðalskipulagsbreytingu sem staðfest var 4. maí 2015 var gert ráð fyrir efnistökusvæði E9 við Ísakot. Með breytingunni er gert ráð fyrir að auka vinnslu efnis úr námunni úr 30.000$m^3$ í allt að 45.000 $m^3$.

## 1.1 BREYTING AÐALSKIPULAGS

Breytingin tekur til efnistökusvæðisins E9. Ekki er gert ráð fyrir breyttri afmörkun svæðisins.

Efni úr efnistökusvæðinu verður m.a. nýtt vegna framkvæmda við stækkun Búrfellsvirkjun. Megin markmið sveitarstjórnar með heimild til meiri efnistöku er að ekki þurfi að flytja efni langar vegalengdir.

## 1.2 KYNNING OG SAMRÁÐ

Aðalskipulagsbreytingin verður unnin og afgreidd skv. 2. mgr. 36 gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

# 2 BREYTING AÐALSKIPULAGS

Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 var staðfest af umhverfisráðherra 6. apríl 2006.

## 2.1 GILDANDI AÐALSKIPULAG

Gerð verður breyting á greinargerð, kafla 7 um efnistökusvæði. Svæðið sem um ræðir er skilgreint sem efnistökusvæði E9.

Í kafla 7 um efnistökusvæði segir;

*„E9: Náma við Ísakot með fyllingarefni í steypu. Gert er ráð fyrir að efnistaka verði allt að 30.000 $m^3$".*

## 2.2 BREYTT AÐALSKIPULAG

Eftir breytingu verður texti fyrir efnistökusvæðið E9 í kafla 7 eftirfarandi;

*„E9: Náma við Ísakot með fyllingarefni í steypu. Gert er ráð fyrir að efnistaka verði allt að 45.000 $m^3$".*




*Mynd 1. Gildandi Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016, með síðari breytingum.*

## 3 NIÐURSTAÐA SVEITARSTJÓRNAR

Efnistökusvæðið E9 er nú þegar á aðalskipulagi og þar er gert ráð fyrir nokkurri efnistöku. Þó magn þess efnis sem heimilt er að nýta af svæðinu sé aukið úr 30.000 í allt að 45.000 $m^3$ þá á er svæðið nú þegar raskað vegna efnistöku sem og annarra framkvæmda í tengslum við gerð Búrfellsvirkjunar og stækkunar hennar. Það er kostur að ekki þarf að aka langar vegalengdir frá efnistökusvæði að notkunarstað efnis við Búrfellsvirkjun auk þess sem nú þegar er vinnuvegur að efnistökusvæðinu.

Breytingin mun því hafa mjög takmörkuð umhverfisleg áhrif.

Aðalskipulagsbreyting þessi var samþykkt samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þann 5/4 2017

F.h. Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Pétur Ingi Haraldsson

Skipulags-og byggingarfulltrúi Uppsveita bs.

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann 11. ágúst 2017

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir

Hafdís Hafliðadóttir

SKIPULAGSSTOFNUN